

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls

34. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls að Fljótsmörk 2 í Hveragerði, miðvikudaginn 9. október 2019. Mættir voru: Sigurbára Rúnarsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Ásmundur Lárusson, Valgerður Sævarsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson. Einnig Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem ritaði fundargerð. Elsa Jóna Stefánsdóttir boðaði forföll.

1. Drög að fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu 2020 lögð fram til kynningar.

Forstöðumaður fór yfir helstu breytingar frá áætlun ársins 2019. Stærsta breytingin felst í:

- Nýju stöðugildi sálfræðings en frá og með 1. desember n.k. verða stöðugildin þrjú og hækkað því launaliður sem því nemur. Lækkun verður að sama skapi á aðkeyptri sérfræðiþjónustu frá yfirstandandi ári en þar var að stærstum hluta um að ræða aðkeypta sálfræðiþjónustu sem ekki verður þörf fyrir með tilkomu aukningar stg.
- Bakvaktir barnaverndar færast á launalið í fjárhagsáætlun velferðarþjónustu frá og með janúar 2020 en þann 1. júlí s.l. varð breyting á framkvæmd bakvaktar á þann hátt að félagsráðgjafar í Hveragerði og Laugarási hafa skipt með sér bakvöktum, sinna viku í senn. Frá og með 1. nóvember nk. mun forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu taka vaktir skv. þessu fyrirkomulagi. Æskilegt er að fjórir starfsmenn skipti vöktunum á milli sín þannig hver og einn sé eina viku í mánuði á vaktinni og standa vonir til að svo geti orðið á næstu mánuðum.

Nefndin samþykkir drögin fyrir sitt leyti.

2. Drög að ársskýrslu Skóla- og velferðarþjónustu 2018 (lagt fram á fundinum)

Forstöðumaður og teymisstjóri kynntu drög að ársskýrslu fyrir 2018, skýrslan er í vinnslu og verður send til fulltrúa nefndarinnar í næstu viku til staðfestingar. Ársskýrslan verður lögð fram á aðalfundi byggðasamlagsins sem boðaður hefur verið 23. október nk..

3. Kynning á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu og staða helstu málafloka velferðarþjónustu janúar – september 2019

Forstöðumaður og teymisstjóri fóru yfir stöðuna og munu fulltrúar nefndarinnar fá senda samantekt fyrir næsta fund sem er áætlaður í nóvember.

4. Önnur mál – engin

Fundi 18.30

Sigurbara Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir (formaður)

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Björn Kristinn Pálmarsson
Björn Kristinn Pálmarsson

Sigurður Einar Guðjónsson
Sigurður Einar Guðjónsson

Ásmundur Lárusson
Ásmundur Lárusson

Valgerður Sævarsdóttir
Valgerður Sævarsdóttir

Ragnheiður Hergeirsdóttir
Ragnheiður Hergeirsdóttir

Hrafnhildur Karlsdóttir
Hrafnhildur Karlsdóttir